

**Ari Skúlason,
Framboð til stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna 2024**



Ég hef verið formaður stjórnar lífeyrissjóðsins undanfarin sex ár og starfað þar með mjög góðu fólki. Ég hef áhuga á því að sitja áfram í stjórn sjóðsins. Lífeyrismálin eru einhver mikilvægasti málaflokkur sem til er og fólk áttar sig sífellt betur á þeirri staðreynd eftir því sem það eldist.

Ég hef starfað við efnahags-, atvinnu- og fjárhagsmál í fjölda ára. Ég hef umfangsmikla reynslu af félags- og vinnumarkaðsmálum og mikla þekkingu á íslensku atvinnulífi, bæði fjármálamarkaði og öðrum greinum.

Þá hef ég tekið virkan þátt í félagsstarfi bankamanna síðustu ár, setið í stjórn Félags starfsmanna Landsbankans og var formaður félagsins frá 2017 til 2023. Þá var ég varaformaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) 2016-2022 og var kjörinn formaður samtakanna í mars 2022 og hef starfað á skrifstofu SSF undanfarið ár.

Mér finnst mikilvægt að stjórnarmenn lífeyrissjóða hafi mikla þekkingu á íslensku atvinnulífi og hafi líka sterk tengsl inn í vinnumarkað bankamanna þar sem lífeyrissjóðurinn tengist vinnumarkaði og fjármálamarkaði mikið. Ég hef hvort tveggja til að bera.

Þá hef ég einnig mikla þekkingu og reynslu af fjármálamarkaði eftir að hafa stýrt rekstrarfélagi verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í 3 ár og starfað á Hagfræðideild Landsbankans í 12 ár.

Persónulegar upplýsingar

Ég er 68 ára, fæddur á Hellissandi og bý í Reykjavík. Giftur og á þrjár uppkomnar dætur og 6 barnabörn.

Menntun

Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í desember 1974.

Viðskiptapróf (Þjóðhagfræði) frá HÍ vorið 1979.

Framhaldsnám í Þjóðhagfræði við Háskólann í Árósum í Danmörku, lokið vorið 1983 með kandidats-/meistaraprófi.

Löggildur verðbréfamiðlari, 2010.

Hæfismat sem framkvæmdastjóri rekstrarfélags verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, 2010.

Lauk námi í húsasmíði við Fjölbautarskólanum í Breiðholti vorið 2020.

Lauk sveinsprófi í húsasmíði í júní 2020.

Starfsferill

Vann með námi í HÍ og á sumrin hjá Sjávarafurðadeild Sambands íslenskra samvinnufélaga 1976-1980.

Var forstöðumaður hjá Kjararannsóknarnefnd frá október 1983-1986.

Hagfræðingur hjá Félagsmálastofnun Árósborgar 1987.

Starfaði hjá Alþýðusambandi Íslands 1988 – 2001. Forstöðumaður hagdeildar 1988-1994.

Framkvæmdastjóri ASÍ frá 1994 til 2001.

Framkvæmdastjóri Aflvaka hf. (Atvinnuþróunarfélag í eigu Reykjavíkurborgar) 2001-2004.

2005-2008. Landsbanki Íslands. Forstöðumaður á Fyrirtækjasviði.

2008-2009. Landsbankinn, Fyrirtækjasvið og Viðskiptabankasvið.

2009-2012. Framkvæmdastjóri Landsvaka/Landsbréfa.

2012-2023. Hagfræðingur hjá Hagfræðideild Landsbankans.

Ritstjóri Launatölfræðinefndar Ríkissáttasemjara 2020-2021.

Frá mars 2023 starfandi formaður og framkvæmdastjóri SSF.

Félagsstörf fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja

Í stjórn Félags starfsmanna Landsbankans á Íslandi (FSLÍ) frá 2013.

Formaður FSLÍ 2017-2023.

2. varaformaður SSF 2016-2019.

Varaformaður SSF 2019-2022.

Formaður og framkvæmdastjóri SSF frá mars 2022.